

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands í Borgartúni 30 þann 3. nóvember 2021.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Flosi Eiríksson og Kolbeinn Gunnarsson.

Frá sambandinu: Benedikt Þór Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Launadreifing starfsmanna skóla

Til umræðu var almenn tilhögun launadreifingar vegna starfsmanna skóla í þeim tilgangi að til verði sameiginleg túlkun aðila á málinu. SGS hafði lagt fram greinargerð og SNS drög að leiðbeiningum um launadreifingu starfsfólks milli funda.

Niðurstaða:

Málið rætt áfram en ekki til niðurstöðu.

Fundi slitið.